

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 4 20. febr. 1960, um efnahagsmál.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Eitt meginloforða núverandi ríkisstjórnar við valdatöku hennar var það að koma atvinnuvegunum á „traustan og heilbrigðan grundvöll“. Í upphafsorðum áróðursbæklingsins „Viðreisn“ er að því vikið, að höfuðeinkenni þeirra efnahagsráðstafana, sem gripið hafi verið til árlega undanfarið, hafi verið það, að þær hafi allar verið til bráðabirgða og hafi því vegna þeirrar óvissu, er slíkt skapaði, dregið úr afköstum þjóðarþúsins, nú sé því höfuðatriðið að skapa traustari, varanlegri og heilbrigðari grundvöll og tryggja þannig atvinnuöryggi, aukna þjóðarframleiðslu og batnandi lífskjör.

Þótt enn sé ekki nema liðlega ársfjórðungur liðinn frá því, er hin nýju efnahagslög tóku gildi, má þegar glögglega merkja, hvert hald hefur reynzt í fyrirheitum stjórnarinnar.

Varanleik ráðstafananna má m. a. marka af flutningi þessa frv. Ríkisstjórninni tókst ekki að ljúka svo fyrsta þinginu í hennar valdatíð, að ekki yrði óhjákvæmilegt að breyta rekstrargrundvelli sjávarútvegsins þannig, að hann fengi 2.5% verðhækkun á afurðum frá því, sem löggjöfin ákvað. Skiptir auðvitað engu í því sambandi, þótt þessi hækkun sé fengin með lækkun áður lögbundinna gjalda. Enn athyglisverðari er þessi staðreynd, þar sem kunnugt er, að allverulegar verðhækkningar hafa orðið á flestum tegundum útfluttra sjávarafurða, frá því að efnahagslöggjöfin var sett. Þannig hefur skreið, saltfiskur, fiskmjöl og fleiri afurðir hækkað frá s. l. áramótum. Ef allt hefði því verið með felldu um hátíðleg loforð til handa útvegnum um jafngóðan rekstrargrundvöll og gildi s. l. ár og þær fullyrðingar, að gengisfellingin væri nákvæmlega við þau miðuð, væri nú engin ástæða til þess að ívilna þeirri atvinnugrein um 60 millj. kr. á þessu ári.

Varanleik efnahagsaðgerðanna fyrir útveginn má og marka af því, að útvegsmenn hafa þegar lýst því yfir, að þeir muni ekki hefja vertíð að nýju, án þess að haldbetri tryggingar fáiast um fiskverð og rekstrargrundvöll yfirleitt en loforð ríkisstjórnarinnar um s. l. áramót reyndust. Og enn má kenna hann á því, að aðgerðir ríkisstjórnarinnar hafa leitt til þess, að í nær öllum greinum atvinnulífsins eru samningar um kaup, kjör og fiskverð til handa verkafólki og sjómönnum opnir og enn ófyrirséð, hve miklar launahækkningar verkafólki og sjómönnum verður óhjákvæmilegt að knýja fram vegna þeirrar óþolandi kjaraskerðingar, sem aðgerðir ríkisstjórnarinnar hafa leitt yfir almenning.

Grundvallarverð það, sem útflutningnum er skapað með efnahagsaðgerðunum, hefur verið afhent útflutningshringnum, sem síðan ásamt stærri fiskvinnslustöðvunum sitja yfir hlut útvegsmanna, sjómanna og verkafólks, sem glögg má sjá af hinum athyglisverða samanburði á fiskverði til sjómanna og útvegsmanna hér og í Noregi. Gjalddeyrisandvirðið er síðan afhent verzlunaraudvaldinu með ótakmörkuðu umboði til ráðstöfunar.

Traustleika og heilbrigði „hins nýja atvinnugrundvallar“ má svo marka af vaxandi og hættulegum markaðserfiðleikum, sem blasa við, ef fylgt verður fram stundinni lengur þeirri stefnu í verzlunarmálum, sem er ein helzta uppistaðan í efnahagsaðgerðunum og þeim almenna samdrætti, sem nú þegar er orðinn áberandi í atvinnuuppbyggingu og ýmsum atvinnugreinum, en á þó eftir að koma miklu skýrar í ljós, ef ekki verður spyrnt við fótum í tíma.

Þetta frv. er auðvitað engin lausn á þeim vanda sjávarútvegsins, sem efnahagsaðgerðir ríkisstjórnarinnar hafa sett hann í. Þar þarf öðrum og meiri aðgerðum að beita og þó fyrst þeim að tryggja honum markaði með gerbreyttri stefnu í verzlunarmálum og með því að létta af þeim okurvöxtum og lánahömlum, sem á honum hvíla. En ríkisstjórnin hefur sannað með afstöðu sinni til þeirra breytingartillagna, sem þm. Alþýðubandalagsins í Nd. fluttu við þetta frv., að hún er enn ákveðin í því að halda fast við öll heimskulegustu og hættulegustu ákvæði efnahagslöggjafar sinnar, enda þótt reynslan hafi þegar sannað, að kerfi hennar fær ekki staðizt í reynd. Frekari tilraunir en þegar hafa verið gerðar á þessu þingi til þess að leiðréttu verstu ákvæði efnahagslöggjafarinnar verður að telja vonlausar nú. Á hinn bóginn má það teljast athyglisvert tímanna tákni, að eitt síðasta verk stjórnarflokkanna á þessu þingi verður það að samþykkja þetta frv., viðurkenna þar með falska undirstöðuútreikninga aðgerðanna og taka upp útflutningsuppbætur og bein ríkisstjórnaraskipti af samningum útvegsmanna og fiskvinnslustöðva um fiskverð.

Alþingi, 1. júní 1960.

Björn Jónsson.